

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lúnansholt III og IV, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 26. febrúar 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lúnansholt III og IV. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Byggingarreitir á öllum lóðum eru stækkaðir til þess að veita meira svigrúm um staðsetningu bygginga innan reita; nýtingarhlutfall, hækkar í samræmi við breytingu á landnotkun í aðalskipulagi og verður 0,05, hámarksbyggingarmagn getur þó aldrei orðið meira en 1.500 m²; gerð er sér lóð utan um gamla hlöðu og fjárhús sem liggur í jaðri lóðar D2, samhliða minnkar stærð lóðar D2. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 6. júní 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 24. júní 2025